

Sþ. 333. Tillaga til þingsályktunar

um fjárframlög úr ríkissjóði vegna skaða af ofviðri 26. og 27. okt. síðastl. o. fl.

Frá fjárveitinganefnd.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að greiða vegna skaða, sem urðu af ofviðrinu 26. og 27. okt. síðastl. í Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, eftir mati, er stjórnin lætur framkvæma, allt að 60 þús. kr.
2. Að láta greiða úr kirkjujarðasjóði til sjóvarnargarðs í Grenivík $\frac{2}{3}$ kostnaðar, allt að 16 þús. kr.
3. Að greiða til viðgerðar brimbrjótsins í Bolungavík helming kostnaðar, allt að 30 þús. kr.
4. Að greiða til viðgerðar bryggju á Blönduósi $\frac{1}{3}$ kostnaðar, allt að 11 þús. kr.

Greinargerð.

Nefndin öll er samdóma um, að nauðsyn beri til að draga úr gjöldum ársins 1935 sem svarar gjaldauka þeim, sem í till. þessum felst. En með því að ekki hefir tekizt að fá samkomulag um, á hvaða liðum skuli dregið úr útgjöldunum, koma fram sérstakar tillögur frá einstökum nefndarmönnum, sem samleið eiga í málinu.

Alþingi, 30. marz 1935.

Jónas Jónsson.	Sigurður Einarsson.	Þorst. Þorsteinsson.
form., frsm.	fundaskr.	með fyrirvara.
Magnús Guðmundsson.	Jón Sigurðsson.	Þorbergur Þorleifsson.
Jónas Guðmundsson.	Bjarni Bjarnason.	Pétur Ottesen.